



Borgarráð

***Viðræður við Móðurmál og Pólska skólann***

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skóla- og frístundasviði að fara í viðræður við Móðurmál – samtök um tvítyngi og Pólska skólann með það að markmiði að gera þjónustu þeirra gjaldfrjálsa.

Markmiðið með tillögunni er að ná samningum um aukinn stuðning við Móðurmál og Pólska skólann til að hin mikilvæga kennsla þeirra verði endurgjaldslaus. Það myndi tryggja aðgengi að móðurmálskennslu án tillits til efnahags og stuðla að því að börn með annað móðurmál en íslensku gætu nýtt frístundakort sitt til að taka þátt í öðrum frístundum, sem er hverju barni nauðsynlegt.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri